

56

6. maí.

3. Flateyrarhreppur tekur að sjer að greiða halla Mosvallahrepps hins forna á Botnsnámunni, að upphæð 5000 kr.

4. Mosvallahreppur fær kauprjett á þeim hluta jarðarinnar Tungu, sem við skiftin fellur til Flateyrarhrepps, þannig, að kaupverðið sje 1000 kr.

5. Af sameiginlegum sjóði sjeu ætlaðar 1500 kr. til endurbóta á brúnum í Mosvallahreppi.

6. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram þegar hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorri þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreinnigur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig kveður á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Mosvallahreppi sem dómþinghá nje manntalsþinghá.

57

18. maí

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannnsins í Ísafjarðarsýslu, um flutning þingstaðar.

Samkvæmt tillögum frá yður, herra sýslumaður, í brjefi dags. 26. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Eyrarhreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Hauganesi í Skutulsfirði til Hnífsdals, enda annist hreppsnefndin um það að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

58

31. maí

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannnsins í Húnavatnssýslu um flutning þingstaðar.

Samkvæmt tillögum frá yður, herra sýslumaður, í brjefi dags. 5. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Áshreppi, veitir ráðuneytið hjermeð samþykki til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Ási að Hofi í nefndum hreppi, enda annist hreppsnefndin um það, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.